

Ár 2010, fimmtudaginn 4. mars kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins. Mættir voru: Eyþór H. Ólafsson í forföllum Guðmundar Þórs Guðjónssonar, Aldís Hafsteinsdóttir í forföllum Unnar Þormóðsdóttur og Herdís Þórðardóttir.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Eyþór H. Ólafsson, í forföllum formanns, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hann eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi bar formaður upp dagskrárbreytingatillögu um að við liðinn bréf sem borist hafa bætist liður 1.10 bréf frá Ólafi H. Einarssyni dags. 2. mars 2010. Tillagan samþykkt.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. **Bréf sem borist hafa frá:**

1.1. **Sambandi íslenskar sveitarfélaga frá 9. febrúar 2010.**

Í bréfinu er kynnt endurgreiðsla VSK vegna kaupa á slökkvibifreiðum og búnaði slökkviliðs á árinu 2009 og vegna frestunar á endurgreiðslu VSK frá fyrri tveimur árum. Enn næst ekki að greiða að fullu vegna ársins 2008 og ekkert vegna ársins 2009.

Bæjarráð lýsir furðu sinni á þeirri tregðu sem virðist vera í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Enn og aftur berst Hveragerðisbæ bréf þar sem fram kemur að ekki er hægt að standa við skuldbindingar ríkisins gagnvart sveitarfélögunum. Skuldbindingar sem þó eru lögbundnar.

Bæjarráð Hveragerðisbæjar hefur skilning á því að hart sé í ári hjá ríkisvaldinu en slíkt gildir einnig um sveitarfélögin sem sinna mikilvægri grunnþjónustu í íslensku samfélagi. Því er það óásættanlegt að ekki skuli vera staðið við gerða samninga milli ríkis og sveitarfélaga og þannig hafðir af sveitarfélögunum umtalsverðir fjármunir árlega. Má þar m.a. nefna stuðning við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga, endurgreiðslu á vsk. vegna kaupa á slökkvibúnaði og endurgreiðslu húsaleigubóta.

Bæjarráð Hveragerðisbæjar gerir þá kröfu að ríkisvaldið standi við gerða samninga og fullnusti nú þegar þær fjárskuldbindingar sem samið hefur verið um

1.2. **Rannís frá 26. febrúar 2010.**

Í bréfinu er óskað eftir styrk til Nýsköpunarsjóðs námsmanna um krónur 1 milljón.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

1.3. **Suðurstrandarhópnum ódagsett.**

Í bréfinu er kynnt kostnaðaráætlun vegna endurnýjunar á Suðurstrandarkortinu. Kostnaður Hveragerðisbæjar er kr. 138.720.- .

Bæjarráð samþykkir erindið.

1.4. **Skipulagsstofnun frá 23. febrúar 2010.**

Í bréfinu er rætt um kynningu á skipulagstillögu með fullnægjandi hætti, sbr. 1. mgr. 17.gr. skipulags- og byggingarlaga.

Lagt fram til kynningar og jafnframt vísað til skipulags- og byggingarnefndar.

1.5. **Proskahjálpi á Suðurlandi frá 24. febrúar 2010.**

Í bréfinu er kynning á nýju búsetuúrræði fyrir fatlaða en með fylgdi einnig bæklingur til kynningar á Lambhaga sem er búsetuúrræði fyrir fatlaða.

Lagt fram til kynningar.

1.6. **Reyni Eiðssyni frá 1. mars 2010.**

Í bréfinu er óskað eftir því að Hveragerðisbær taki þátt í kostnaði við að grafa fyrir sökklum vegna Dalsbrúnar 1-3 þar sem óvenjulega djúpt var niður á fast undirlag og kostnaður við verkið því umtalsverður

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

1.7. **Náttúrulækningafélagi Íslands frá 16. febrúar 2010.**

Í bréfinu er rætt um möguleika á stækkun á lóð fyrir Náttúrulækningafélag Íslands.

Bæjarráð fagnar þeim stórhuga hugmyndum sem uppi eru varðandi uppbyggingu í tengslum við starfsemi HNLFI og felur bæjarstjóra að vinna samningsdrög milli aðila, í samræmi við innsent erindi og umræður á fundinum, sem lögð yrðu fyrir bæjarráð til samþykktar.

1.8. **Brunavörnum Árnassýslu frá 25. febrúar 2010.**

Í bréfinu er samþykkt fulltrúaráðs Brunavarna Árnassýslu frá 80. fundi sínum varðandi viðræður um samstarf og sameiningar slökkvilið í Árnassýslu.

Afstaða bæjarráðs hefur ekki breyst frá fyrri fundum varðandi þær hugmyndir sem uppi eru hjá stjórn Brunavarna Árnassýslu (BÁ) um sameiningu slökkviliðs Hveragerðisbæjar og BÁ. Bæjarstjóra falið að ganga til viðræðna við Brunavarnir Árnassýslu um framlengingu á þeim samstarfssamningi sem í gildi er á milli aðila og rennur út 31.mars nk. og að koma sjónarmiðum bæjarráðs á framfæri við bréfitara.

1.9. **Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 16. febrúar 2010.**

Með bréfinu fylgdi tillögur starfshóps um framtíðarfyrirkomulag upplýsingamiðstöðva.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við framkomnar tillögur og telur að með auknu samstarfi Markaðsstofa og Upplýsingamiðstöðva megi enn efla upplýsingagjöf og markaðsstarf á landinu.

1.10. **Ólafi H. Einarssyni dags. 2. mars 2010.**

Í bréfinu sem ritað er fyrir hönd reiðveganefndar Hestamannafélagsins Ljúfs er farið fram á leyfi til malartekju af bökkum Varmár á móts við hesthúsahverfið á Vorsabæjarvöllum.

Þar sem Veiðimálastofnun leggst eindregið gegn efnistökkunni í meðfylgjandi umsögn getur bæjarráð ekki orðið við erindinu.

2. Tæknileg málefni:**2.1. Umsögn um rekstrarleyfi til sölu gistingar og/eða veitingu veitinga.**

Óskað er eftir umsög Hveragerðisbæjar vegna umsóknar Jóhanns Sigurðssonar fyrir hönd Arkar veitingar ehf um endurnýjun leyfis til reksturs gististaðar í flokki V á Hótel Örk, Breiðumörk 1c, Hveragerði.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að Jóhann Sigurðsson, f.h. Örkin veitingar ehf, fái leyfi til að reka veitingahús að Breiðumörk 1c, Hveragerði.

2.2. Árangurstölur úr sorpflokkun í Hveragerðisbæ.

Lagðar fram til kynningar árangurstölur frá Íslenska gámafélaginu úr sorpflokkun Hveragerðisbæjar fyrir janúar og febrúar 2010.

Bæjarráð fagnar þeim góða árangri sem náðst hefur í sorpflokkun íbúa Hveragerðisbæjar. Í janúar fór rúmlega 57% heimilissorps til endurvinnslu en hlutfallið er heldur minna í febrúar eða 52%. Enn er hægt að gera betur og því fagnar bæjarráð tillögu Íslenska gámafélagsins varðandi íbúafund þar sem árangurinn verði kynntur og enn betur farið yfir tilgang og aðferðir við flokkun. Bæjarráð heimilar einnig að árangurstölur verði birtar reglulega á heimasíðu fyrirtækisins.

3. Fjárhagsleg málefni:**3.1. Upplýsingar vegna sölu félagslegrar leiguíbúðar að Reykjamörk.**

Lagt fram svar frá formanni Velferðarnefndar vegna fyrirspurnar Róberts Hlöðverssonar á síðasta bæjarráðsfundi vegna sölu á félagslegri leiguíbúð að Reykjamörk.

Herdís Þórðardóttir lagði fram eftirfarandi bókun.

Undirrituð þakkar umbeðnar upplýsingar um þann kostnaðarauka sem sala félagslegra leiguhúsnaðis hefur í för með sér fyrir Hveragerðisbæ, ríkið og leigutaka. Þeir útreikningar sem fram eru lagðir staðfesta einungis þá skoðun minnihlutans að óskynsamlegt sé að selja félagslegt húsnaði bæjarins við núverandi aðstæður á húsnaðismarkaði.

Herdís Þórðardóttir

Lagt fram til kynningar.

3.2. Samningur um styrk til reksturs upplýsingamiðstöðvar 2010.

Lagður fram samningur við Ferðamálastofu um skilyrtan styrk til reksturs upplýsingamiðstöðvar 2010. Styrkurinn hljóðar upp á kr. 2.800.000.-

Samningurinn samþykktur.

3.3. Samningur um stækkun verknámsaðstöðu Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Lagður fram samningur milli menntamála- og fjármálaráðuneytisins annars vegar og sveitarfélög sem aðild eiga að Fjölbrotaskóla Suðurlands hins vegar um stækkun verknámsaðstöðu skólans.

Bæjarráð samþykkir samninginn fyrir sitt leyti.

4. Verkfundagerðir:

- 4.1. **Gatnagerð Hveragerði 2009 frá 1. mars 2010.**
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 8:43

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Herdís Þórðardóttir, (sign.)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)